

L Ö G

56

7. maí

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti), fulltrúar þeirra, sendiherrar og sendifulltrúar, sendiráðsritarar og attachés, útsendir aðalræðismenn, útsendir ræðismenn og vararæðismenn Íslands erlendis, hreppstjórar og skipstjórar á íslenskum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

2. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, í skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

3. gr.

Við 137. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.